AUGLÝSING

um breyting á auglýsingu nr. 267 4. júní 1980 um sérstaka tollmeðferð vegna viðskiptasamnings EFTA-landanna og Spánar.

1. gr.

9. gr. auglýsingarinnar orðist svo:

Upprunavörur í skilningi viðauka III geta við innflutning notið fríðinda samkvæmt samningi EFTA-landanna og Spánar gegn framvísun annars tveggja neðangreindra skjala, enda hafi áletrunin „EFTA-SPAIN-TRADE" verið prentuð með útlínum upphafsstafa á ská yfir skjalið:

a) EUR.1 flutningsskírteinis, hér á eftir kallað EUR.1 skírteini,
b) EUR.2 eyðublaðs fyrir sendingar sem í eru eingöngu upprunavörur, enda sé verðmæti hverrar sendingar ekki yfir 3 400 reikningseiningar.

Þrátt fyrir ákvæði 1 mgr. geta neðangreindar upprunavörur í skilningi viðauka III notið fríðinda samkvæmt samningi EFTA-landanna og Spánar án þess að framvísað sé öðru hvoru þeirra skjala sem þar um ræðir:

a) Vörur sem sendar eru sem smábögglar til einkaaðila, enda sé verðmæti varanna ekki yfir 240 reikningseiningar,
b) vörur sem eru í einkafarangri ferðamanna, enda sé verðmæti varanna ekki yfir 680 reikningseiningar.

Ákvæðum þessarar málsgreinar verður aðeins beitt þegar innflutningur slíkra vara er ekki viðskiptalegs eðlis og því hafi verið lýst yfir að vörurnar fullnægi settum skilyrðum um uppruna samkvæmt ákvæðum þar að lútandi og enginn vafi er á því að slík yfirlýsing sé sönn. Innflutningur sem bundinn er við einstakt tilvik og aðeins er samsettur úr hlutum til persónulegra nota viðtakenda eða ferðamanna eða fjölskyldna þeirra skal ekki talinn innflutningur viðskiptalegs eðlis, ef ljóst er af eðli og magni varanna að viðskiptatilgangur búi ekki að baki. Ákvæði þessarar málsgreinar ná ekki til varnings, sem keyptur er samkvæmt pöntunarlistum vöruhúsa og þau senda.

Reikningseining (RE) jafngildir 0,88867088 g af hreinu gulli. Ráðuneytið setur nánari fyrirmæli um verðmætismörk í íslenskum krónum samkvæmt þessari grein.

2. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í 6. tl. 3. gr. laga nr. 120 31. desember 1976 um tollskrá o. fl. með áorðnum breytingum til að öðlast þegar gildi. Jafnframt er út gildi felld auglýsing nr. 384 15. júlí 1980 um sama efni.

Fjármálaráðuneytið, 31. maí 1983.

Albert Guðmundsson.

Höskuldur Jónsson.